

ÁRSSKÝRSLA 2023



MÍMIR
Vertu meira!



UM MÍMI

Mímir-símenntun er fræðslufyrirtæki sem starfar á sviði framhaldsfræðslu og starfsmenntunar. Meginmarkmið í stefnu og starfi hjá Mími er að skapa tækifæri til náms fyrir fólk með stutta formlega skólagöngu og hvetja fólk á vinnumarkaði til símenntunar og starfsþróunar. Annað meginmarkmið er að bjóða upp á fjölbreytta kennslu í íslensku sem öðru máli sem og tungumálanámskeið. Skipulag námsins tekur mið af þörfum vinnandi fólks og atvinnulífsins hverju sinni. Mímir-símenntun er einkahlutafélag í eigu Alþýðusambands Íslands og hóf starfsemi sína árið 2003. Mímir er með þjónustusamning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, starfar samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og hefur viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðuneytisins til að annast framhaldsfræðslu. Einkahlutafélagið Mímir-símenntun er rekið til almannaheilla og því er ekki heimilt að greiða eigendum arð. Hagnaður af starfsemi félagsins er notaður til að styðja við framgang framhaldsfræðslu á Íslandi og efla menntunar- og fræðslumöguleika fullorðins fólks á íslenskum vinnumarkaði.



UM
MÍMI

FRÁ
FORMANNI
STJÓRNAR

INNGANGUR
FRAMKVÆMDASTJÓRA

FRÆÐSLA

RÁÐGJÖF OG
STÖÐUMAT

ÞRÓUNAR- OG
SAMSTARFSVERKEFNI

GÆÐAMÁL

KYNNINGAR- OG
MARKAÐSMÁL

ALMENNUR
REKSTUR


HÚSNÆÐI

Mímir-símenntun er með höfuðstöðvar sínar (samalt 1758,6 fermetra) að Höfðabakka 9 í Reykjavík. Þar eru skrifstofur starfsmanna og 12 vel búna kennslustofur. Í upphafi árs 2023 var húsnæðið að Öldugötu 23, sem var einnig kennsluhúsnæði til margra ára, afhent mennta- og menningarmálaráðuneytinu sem er eigandi þess.





SKIPURIT MÍMIS





STEFNA MÍMIS

Framsækið þekkingarfyrirtæki með fjölbreytt námstækifæri þar sem kennsla, ráðgjöf og mat á raunfærni eru í fararbroddi.

Öflugt samstarf við fagaðila, fyrirtæki og stofnanir um að skapa fjölbreytt og eftirsóknarverð námstækifæri fyrir fullorðna einstaklinga.

Gæði, sveigjanleiki, nýsköpun og góð samskipti eru lykillinn að árangri.



UM
MÍMI

FRÁ
FORMANNI
STJÓRNAR

INNGANGUR
FRAMKVÆMDASTJÓRA

FRÆÐSLA

RÁÐGJÖF OG
STÖÐUMAT

ÞRÓUNAR- OG
SAMSTARFSVERKEFNI

GÆÐAMÁL

KYNNINGAR- OG
MARKAÐSMÁL

ALMENNUR
REKSTUR

GILDI MÍMIS

FRAMSÆKNI

Mímir er framsækið fyrirtæki sem sífellt leitar tækifæra til framfara og nýjunga.

SAMSTARF

Við erum ein liðsheild. Samskipti einkennast af virðingu, trausti og umburðarlyndi. Metnaðarfullt samstarf við fyrirtæki og hagsmunaaðila skilar okkur lengra.

FAGMENNSKA

Fagmennska er leiðarljós í öllum samskiptum. Við veitum framúrskarandi þjónustu og störfum eftir verkferlum sem tryggja áreiðanleika og gagnsæi.

Á
R
S
S
K
Ý
R
S
L
A

2
0
2
3



FRÁ FORMANNI STJÓRNAR
EYRÚN BJÖRK
VALSDÓTTIR

NÝSKÖPUN OG GÆÐI ÁFRAM AÐALSMERKI MÍMIS

Árið 2023 hélt Mímir-símenntun upp á stórafmæli sitt. Á þeim 20 árum sem Mímir hefur starfað í núverandi mynd hefur mikið vatn runnið til sjávar. Óhætt er að segja að nýsköpun, sveigjanleiki og gæði hafi verið aðalsmerki Mímis alla tíð. Starfsemin hefur vaxið og dafnað í takti við þarfir markhópsins og atvinnulífsins sem og örar breytingar í samfélaginu.

Mímir er í eigu Alþýðusambands Íslands sem hefur í rúma öld látið sig varða velferð, hagsmuni og réttindi launafólks í landinu. Aukin krafa bæði launfólks og atvinnulífs til fjölbreyttra tækifæra til náms fyrir félagsmenn er sífellt stærri þáttur í starfi aðildarfélaga ASÍ. Hlutverk Mímis sem öflug símenntunarstöð á sviði framhaldsfræðslu er mikilvægur hlekkur í þessu starfi.

Starfsemi Mími hverfist um þrjú meginsvið. Fjölbreyttar námsleiðir fyrir fólk með stutta formlega skólagöngu, íslenskukennslu fyrir innflytjendur og ráðgjöf og raunfærnimat fyrir markhóp framhaldsfræðslunnar. Fjármögnun á starfseminni byggist á stærstum hluta á samningum við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Rannís, fyrir hönd félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, auk sölu til fyrirtækja, Vinnumálastofnunar og einstaklinga.

Innflytjendur eru nú um 25% vinnuaflsins á Íslandi. Hjá Mími var brugðist við ákalli atvinnulífsins um aukin tækifæri til íslenskunáms á vinnutíma með stórauðnu framboði íslenskunámskeiða í samstarfi við fyrirtæki. Aðlögun og virk þátttaka fólks á vinnumarkaði er sameiginleg ábyrgð margra og ekki síst verkalýðshreyfingarinnar. Ekki þarf eingöngu að tryggja réttindi og kjör aðkomins launafólks heldur ekki síður að tryggja því möguleika til íslenskunáms, starfsþróunar og starfsánægju á íslenskum vinnumarkaði. Verkefni Mímis hafa á síðasta ári snúið mikið að því að fækka hindrunum og lækka þröskulda fyrir fullorðin fólk sem vill auka

færni sína og möguleika í atvinnulífinu og ekki síst meðal fólks sem velur að setjast hér að.

Nám hjá Mími hefur veitt fullorðnu fólki ný og önnur tækifæri til náms í gegnum námsráðgjöf, raunfærnimat og fjölbreyttar leiðir innan framhaldsfræðslukerfisins. Fólk sem sækir nám framhaldsfræðslunnar býr yfir mikilli lífsreynslu, bæði úr sínu persónulega lífi og úr atvinnulífinu. Raunfærnimatið skipar þar mikilvægan sess en með formlegu mati á reynslu er leiðin greiðari, til að mynda inn í framhaldsskóla eða út í atvinnulífið. Samvinna við fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög er mikilvægur þáttur í starfsemi Mímis. Hún tryggir góða innsýn í ólíkar þarfir, bæði markhóps framhaldsfræðslunnar og stofnana sem þjónusta hann.

Samstarfshópur um heildarendurskoðun framhaldsfræðslu starfaði á árinu. Starfsfólk Mímis tók þátt í þeirri vinnu þar sem reynsla og sérfræðiþekking hjá Mími á markhópnum skilaði sér í störf hópsins. Markmiðið með endurskoðuninni er að skapa heildstætt kerfi í framhaldsfræðslu og styrkja hana sem fimmtu stoð hins opinbera menntakerfis. Það er fagnaðarefni að stjórnvöld sjái hag í að styrkja og bæta framhaldsfræðsluna sem reynst hefur fullorðnu fólki með litla formlega skólagöngu uppspretta tækifæra til að efla færni sína í lífi, námi og starfi.

Í Mími sameinast kraftur metnaðarfulls starfsfólks, árangursríkrar forystu og ábyrgs reksturs sem birtist í sífelldri þróun í gæðamálum, nýjum námstækifærum og öflugri samvinnu fyrir markhóp framhaldsfræðslunnar. Fyrir hönd stjórnar Mímis vil ég þakka starfsfólki, kennurum og samstarfsaðilum fyrir vel unnin störf og ánægjulegt samstarf á árinu 2023.



UM
MÍMI

FRÁ
FORMANNI
STJÓRNAR

INNGANGUR
FRAMKVÆMDASTJÓRA

FRÆÐSLA

RÁÐGJÖF OG
STÖÐUMAT

ÞRÓUNAR- OG
SAMSTARFSVERKEFNI

GÆÐAMÁL

KYNNINGAR- OG
MARKAÐSMÁL

ALMENNUR
REKSTUR



Á
R
S
K
Ý
R
S
L
A

2
0
2
3

*Gestir skemmtu
sér vel í
afmælisveislu
Mímis.*



INNGANGUR FRAMKVÆMDASTJÓRA

SÓLVEIG HILDUR
BJÖRNSDÓTTIR

FRAMTÍÐIN ER OKKAR MÁL

Árið 2023 var ár mikilla breytinga hjá Mími þar sem gæði og umbætur sátu í fyrirrúmi. Fagteymi voru stofnuð utan um stærstu málaflokkana í starfseminni. Þau unnu að nýsköpun og þróun í takti við niðurstöður stefnumótunar frá árinu á undan.

Sérstaklega var horft til þess að aðlaga þjónustu, nám, námsumgjörð og framboð framhaldsfræðslunnar að þörfum aðflutts fólks með annað móðurmál en íslensku. Inngilding í íslenskt samfélag var leiðarljós við framangreinda þróunarvinnu. Þar var einkum horft til þess að samþætta íslenskukennslu við námsbrautir framhaldsfræðslunnar og/eða störf og vinnustaði.

Uppbrot á námsbrautum sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins innleiddi á árinu var mikilvæg í þessu samhengi. Þessi nýjung er mikið framfaraskref og gerir starfsfólki Mímis kleift að þróa styttri námsleiðir sem eru sérsniðnar að þörfum markhópsins, fyrirtækja og stofnana.

Íslenskukennsla hjá Mími tók breytingum á árinu í kjölfar greiningarvinnu og endurskoðunar en niðurstöður kölluðu á áherslubreytingar. Meiri áhersla er lögð á talþjálfun og fjölbreytta kennsluhætti, úrval námskeiða var aukið til muna auk þess sem stoðþjónusta fyrir kennara hefur verið bætt.

Íslenskukennsla í sókn

Örlítil fækkun varð í fjölda heildarnemendastunda. Það skýrist af því að fleiri nemendur stunda styttra nám en færri nemendur stunduðu nám í Menntastöðum sem er lengsta námsleiðin sem boðið er upp á. Fleiri luku íslenskunámskeiði hjá Mími en árið á undan eða 1580 og er það 9,6% aukning á milli ára. Haldin voru 140 íslenskunámskeið sem er 14,75% aukning frá 2022. Af þeim fóru 29 námskeið fram í fjarnámi að hluta eða öllu leyti en það er 38% aukning frá fyrra ári. Þá rúmlega tvöfölduðust starfstengd íslenskunámskeið á vinnustöðum á milli ára. Óhætt er að segja að

bæði Mímir og íslenskt atvinnulíf hafi svarað kallinu um fleiri og fjölbreyttari leiðir til íslenskunáms á vinnutíma. Það skiptir máli að gleðjast yfir tungumálafjölbreytni í samfélaginu, bjóða upp á íslenskukennslu sem hentar öllum og veita tungumálastuðning á sem flestum sviðum daglegs lífs. Við getum öll lagt okkar af mörkum til að skapa hvetjandi málumhverfi sem er einn af lykilþáttum fyrir virkri þátttöku í íslensku samfélagi. Fækkun varð milli ára í fjölda viðtala við náms- og starfsráðgjafa Mímis um 7% en rafrænum viðtölum fjölgaði um 10% milli ára. Þeim sem luku raunfærnimati fjölgaði um 85% frá árinu áður. Þessa fjölgun má rekja til fjölda nýrra fyrirtækja sem komu inn í raunfærnimat í fagnámi verslunar og þjónustu. Fræðslusjóður leggur Mími til fjármagn til að veita markhópi framhaldsfræðslunnar náms- og starfsráðgjöf. Að auki er Mímir með samstarfssamning við VR um starfsþróunarviðtöl.

90% nemendahjá Mími eru **ánægð** eða **mjög ánægð** með námið hjá Mími**%0**



INNGANGUR FRAMKVÆMDASTJÓRA

SÓLVEIG HILDUR BJÖRNSDÓTTIR

Stöðugur rekstur

Árið 2023 gaf af sér töluverðan rekstrarafgang eða um 28,5 milljónir króna eða 5% af veltu. Heildarvelta ársins var 556 milljónir króna og hækkaði frá fyrra ári um 47 milljónir eða um 8% sem er um það bil á pari við verðbólgu. Betri afkoma skýrist einkum af meiri tekjum en áætlanir gerðu ráð fyrir, auk hærri fjármagnstekna vegna verðbólgunnar og ekki



Hjá Mími er notalegt umhverfi í nemendaryminu.

síst aðhalds í rekstri meðal annars vegna óvissu um kjarasamninga. Þá fólst rekstrarhagræði í því að færa starfsemina alla á einn stað en áður var hún einnig að Öldugötu 23 í Reykjavík.

Á tekjuhlið ársreiknings 2023 kemur fram vöxtur, bæði í námskeiðahaldi og öðrum verkefnum. Ber þar helst að nefna aukningu tekna vegna íslensku fyrir útlendinga sem var samtals 15,3 milljónir króna frá árinu á undan. Vöxtur tekna kemur einnig fram í aukinni ásókn háskólanema í fjarnámi eftir að taka próf í prófamiðstöð Mímis og aukinni aðsókn í íslenskupróf fyrir umsækjendur um íslenskan ríkisborgararétt.

Yfir 90% nemenda ánægð

Gæðamál skipa áfram stóran sess í starfseminni. Eins og undanfarin ár reyndist hlutfall ánægðra eða mjög ánægðra nemenda hjá Mími vera yfir 90% í viðhorfskönnun sem lögð er fyrir í lok hvers námskeiðs en þar er bæði spurt um námið og kennsluna. Könnunin er mikilvægur þáttur í gæðastarfi Mímis og ávallt er lagt mat á niðurstöður hennar og

þær nýttar til að styrkja innra starfið. Innra mat var framkvæmt í samræmi við IV. kafla laga um framhaldsfræðslu. Áfram var unnið að umbótum í samræmi við niðurstöður umfangsmikillar endurskoðunar á námi og kennslu íslensku fyrir útlendinga.

Á árinu var gefin út ný stefna um upplýsingaöryggi auk þess sem notendaskilmálar voru innleiddir gagnvart vinnslu upplýsinga og meðferð gagna. Umfang stefnunnar markast við húsnæði, starfsfólk, ferla, gögn, upplýsingatæknibúnað og kerfi sem notuð eru til að veita þjónustu. Samhliða var regluleg fræðsla til starfsfólks tengd upplýsingaöryggi fest í sessi.

Áfram var unnið að því að innleiða gæðastjórnunarkerfi gagnvart öllum rekstri Mímis. Sú vinna byggist á gæðastaðlinum ISO 9001. Eftir sem áður tekur starfsemin mið af EQM- og EQM+-gæðavottun fræðsluaðila (European Quality Mark) þó svo að ISO 9001 staðallinn nái yfir alla starfsemi Mímis.

Mímir hlaut í fimmta sinn viðurkenningu Creditinfo sem framúrskarandi fyrirtæki árið 2023 auk þess að uppfylla sjötta árið í röð

Nemandi á Fagnámskeiði í heilbrigðis- og félagsþjónustu 2023

Ég er svo glöð að hafa fengið þetta tækifæri til að afla mér meiri þekkingar meðfram vinnunni.



INNGANGUR FRAMKVÆMDASTJÓRA

SÓLVEIG HILDUR
BJÖRNSDÓTTIR

skilyrði Viðskiptablaðsins og Keldunnar til að teljast fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri árið 2023.

Mímir er viðurkenndur fræðsluaðili en Menntamálastofnun gefur viðurkenninguna út fyrir hönd félags- og vinnumarkaðsráðuneytis að uppfylltum skilyrðum. Í viðurkenningunni felst staðfesting á því að starfsemi fræðsluaðila uppfylli almenn skilyrði laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu og reglna sem settar eru með stoð í þeim. Viðurkenninguna ber að endurnýja reglulega með þar til gerðri umsókn til Menntamálastofnunar og uppfylla þarf skilyrði sem hún setur meðal annars um rekstur, skipulag, gæði, hæfni starfsmanna og húsnæði.

Tuttugu ára afmæli fagnað

Þann 7. september árið 2023 hélt Mímir upp á 20 ára afmæli sitt í húsakynnum skólans. Fjölbreytt og skemmtileg dagskrá var í boði. Hæstvirturfélags- og vinnumarkaðsráðherra, Guðmundur Ingi Guðbrandsson, heiðraði viðstadda með nærveru sinni og flutti ávarp um mikilvægi starfsemi Mímis fyrir samfélagið. Finnbjörn A. Hermannsson, forseti Alpýðusambands Íslands, fór yfir hvernig starfsemi Mímis hefði þróast í gegnum tíðina, gildi hennar fyrir einstaklinga, vinnumarkaðinn og samfélagið. Einnig héldu fyrrverandi og núverandi nemendur í Menntastöðum ræður en þeir töluðu um það hvernig skólinn hefði



Nemendur í íslensku spila og spjalla.

gefið þeim byr undir báða vængi og tækifæri til framtíðar. Það er augljóst að Mímir hefur snert hug og hjörtu margra á þessum tuttugu árum sem skólinn hefur starfað í núverandi mynd.

Framtíðin er björt

Á þessum 20 árum hefur mikið vatn runnið til sjávar. Óhætt er að segja að mikil gróska hafi ríkt hjá Mími í gegnum árin. Starfsemin hefur vaxið og dafnað og hafa sjaldan fleiri sótt sér þjónustu hjá okkur. Ég er stolt yfir

því að fá vera hluti af Mímishópnum og er ég þakklát hverri og einni manneskju sem hefur lagt sitt af mörkum til Mímis. Ég þakka stjórn og eiganda Mímis, öllu starfsfólki, bæði núverandi og fyrrverandi, kennurum, nemendum og öllum samstarfsaðilum fyrir öflugt og metnaðarfullt starf á liðnu ári og í gegnum árin. Hjá Mími blása ferskir vindar sem færa fullorðnu fólki fleiri spennandi tækifæri til náms og sjálfsefingar. Ég er þess fullviss að Mímir eigi sér bjarta framtíð.

Nemandi á íslenskunámskeiði 2023

Ég bý lengi á Íslandi. Ég hef áður farið á námskeið. Mímir er besti skólinn. Kennslustofur eru þægilegar og aðstaðan er góð og þar er góð stemmning. Mér líkaði vel við kennsluaðferðir og tæknina sem var notuð. Takk fyrir.



UM
MÍMI

FRÁ
FORMANNI
STJÓRNAR

INNGANGUR
FRAMKVÆMDASTJÓRA

FRÆÐSLA

RÁÐGJÖF OG
STÖÐUMAT

ÞRÓUNAR- OG
SAMSTARFSVERKEFNI

GÆÐAMÁL

KYNNINGAR- OG
MARKAÐSMÁL

ALMENNUR
REKSTUR

MANNAUÐUR

Í stjórn Mímis sitja fimm aðalmenn og þrír varamenn. Mannauður Mímis samanstendur af öflugum starfsmönnum og kennurum sem skila því faglega og góða starfi sem unnið er hjá Mími. Stöðugildi hjá Mími voru 18,8 á árinu sem er fækkun um 0,6 stöðugildi milli ára. Þá voru 134 í verktöku hjá Mími, langflestir við kennslu, eða alls 109 verktakar.

Stjórn	Núverandi starfsmenn		
Eyrún Björk Valsdóttir FORMAÐUR	Alma Guðrún Frímannsdóttir VERKEFNASTJÓRI	Irma Matchavariani VERKEFNASTJÓRI	Sólborg Jónsdóttir VERKEFNASTJÓRI
Ragnar Ólason VARAFORMAÐUR	Anna Sólveig Sigurðardóttir VERKEFNAFULLTRÚI	Joanna Dominiczak FAGSTJÓRI ÍSLENSKUNÁMS OG ERLENDIS SAMSTARFS	Sólveig Hildur Björnsdóttir FRAMKVÆMDASTJÓRI
Eypór Árnason MEÐSTJÓRNANDI	Álfhildur Eiríksdóttir NÁMS- OG STARFSRÁÐGJAFI/ VERKEFNASTJÓRI	Jóhanna Steinunn Snorradóttir BÓKARI/LAUNAFULLTRÚI	Svanhvít Bragadóttir VERKEFNAFULLTRÚI
Lilja Sæmundsdóttir MEÐSTJÓRNANDI	Berta Stefánsdóttir VERKEFNAFULLTRÚI	Jón Pálmar Björnsson VERKEFNASTJÓRI	Vala Sigurlaug Valdimarsdóttir VERKEFNASTJÓRI
Selma Kristjánsdóttir MEÐSTJÓRNANDI	Bryndís Bessadóttir GJALDKERI/GÆÐASTJÓRI	Karen Guðmundsdóttir NÁMS- OG STARFSRÁÐGJAFI/ VERKEFNASTJÓRI	Vanessa Monika Isenmann VERKEFNASTJÓRI
Hilmar Harðarson VARAMAÐUR	Helga Rúna Þorsteinsdóttir VERKEFNASTJÓRI	Kristín Erla Þráinsdóttir FAGSTJÓRI RÁÐGJAFAR OG RAUNFÆRNIMATS	Vignir Már Ástríðarson Másson VERKEFNASTJÓRI
Sólveig Anna Jónsdóttir VARAMAÐUR	Ingunn Guðmundsdóttir SVIÐSSTJÓRI FJÁRMÁLA OG REKSTRAR/ STAÐGENGILL FRAMKVÆMDASTJÓRA	María Stefanía Stefánsdóttir NÁMS- OG STARFSRÁÐGJAFI/ VERKEFNASTJÓRI	Zita Györgyi Zádori VERKEFNASTJÓRI
Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir VARAMAÐUR			Þórunn Grétarsdóttir FAGSTJÓRI NÁMSBRAUTA OG ÞRÓUNAR

Á
R
S
S
K
Ý
R
S
L
A

2
0
2
3

Nemandi á íslenskunámskeiði 2023
I always recommend Mímir to those
who are learning Icelandic.




FRÆÐSLA

Nemendastundum fækkaði um rúmlega 1% frá árinu á undan. Fækkun varð í fjölda nemendastunda í almennum námsbrautum um ríflega 11% og fjöldi nemendastunda í starfstengdum námsbrautum stóð nánast í stað. Umtalsverð aukning varð hins vegar á fjölda nemendastunda í íslensku sem öðru máli eða aukning um ríflega 5%. Nemendastundir meira en tvöfölduðust milli ára í tungumálanámi eða um tæp 104%. Fyrst og fremst má skýra aukinn fjölda nemendastunda með mikilli fjölgun á íslenskunámskeiðum fyrir vinnustaði og aukinni eftirsókn í námskeið í spænsku og ítölsku. Fleiri luku raunfærnimati en árið áður og nam aukningin 85% á milli ára. Þessa fjölgun má rekja til fjölda nýrra fyrirtækja sem komu inn í raunfærnimat í fagnámi verslunar og þjónustu. Viðtölum í náms- og starfsráðgjöf fækkaði lítillega á milli ára.

Í námsbrautum er lögð áhersla á að bjóða upp á nám sem hentar markhópi framhaldsfræðslunnar auk þess sem inngilding og þjónusta við innflytjendur hefur verið ofarlega á baugi. Í þessu skyni hefur verið lögð áhersla á fjölbreyttara námsumhverfi, staðnám og fjarnám auk blandaðrar leiðar. Boðið hefur verið upp á íslenskukennslu og stuðning í íslensku samhliða námsbrautum.


Fræðslumiðstöð atvinnulífsins býður nú upp á nýjung í námsbrautum þar sem hægt er að sækja um uppbrot á námskrá þar sem hluti námsleiðar er kenndur með því skilyrði að sá hluti fari ekki undir 40 klukkustunda heildarvinnuframlag nemenda. Þessi nýjung er mikið framfaraskref og gerir starfsfólki Mímis kleift að

Skipting nemendastunda árið 2023




Heildarfjöldi nemendastunda

SAMANBURÐUR Á MILLI ÁRA




Heildarfjöldi nemendastunda á milli ára

KYNJASKIPTING



Heildarfjöldi nemenda

Á MILLI ÁRA






Þróa styttri námsleiðir sem eru sérsniðnar að þörfum markhópsins, fyrirtækja og stofnana. Á haustönn var boðið upp á tvær nýjar námsbrautir með þessu sniði. Þær eru Íslenska og atvinnulífið sem er uppbrot á námsbrautinni Íslensk menning og samfélag og Tölvugrunnur og sjálfsefling sem er uppbrot úr námsbrautinni Menntastoðir. Auk þessara nýjunga hófst þróun á fleiri námsbrautum sem Mímir mun bjóða upp á á næstu misserum.

Íslenskukennsla hjá Mími hefur tekið breytingum í kjölfar greiningarvinnu og endurskoðunar en niðurstöður kölluðu á áherslubreytingar sem innleiddar voru haustið 2023. Meiri áhersla er lögð á talþjálfun og fjölbreytta kennsluhætti, úrval námskeiða var aukið til muna auk þess sem stoðþjónusta fyrir kennara var bætt.

Tímabókunarkerfi til að bóka viðtöl við náms- og starfsráðgjafa Mímis var þróað áfram á vef Mímis og á árinu bættist við sá möguleiki að bóka upplýsingaviðtöl vegna raunfærnimats á vefnum. Bókun flestra viðtala við náms- og starfsráðgjafa fer því fram í gegnum vef Mímis.

Áfram var unnið eftir meginmarkmiðum Mímis, að skapa tækifæri til náms fyrir fullorðið fólk með stutta formlega skólagöngu, ásamt því að hvetja fólk á vinnumarkaði til símenntunar og starfsþróunar. Þá miðaði starfið jafnframt að því að bjóða upp á fjölbreytta kennslu í íslensku sem öðru máli sem og á tungumálanámskeiðum. Sem fyrr tók skipulag námsins mið af þörfum einstaklinga og atvinnulífsins hverju sinni.

Aldursdreifing nemenda



Nemandi í Menntastoðum 2023

Allt til fyrirmyndar. Allt starfsfólkið hvert öðru liðleggra. Aldrei neitt vandamál sem er ekki hægt að leysa. Sem gefur manni mjög jákvæða sýn á námið og framhaldið.



PRÓFAMIÐSTÖÐ MÍMIS

Íslenskupróf vegna umsóknar um íslenskan ríkisborgararétt

Á árinu þreytti alls 801 einstaklingur íslenskupróf vegna umsóknar um íslenskan ríkisborgararétt hjá Mími. Það var aukning um 10% frá fyrra ári þegar 729 einstaklingar tóku prófið. Íslenskuprófin voru á vegum Menntamálastofnunar en samkvæmt samningi við þá stofnun annast Mímir umsjón og fyrirlögn prófanna sem haldin eru tvisvar á ári, í maí og nóvember. Í prófunum er kannaður skilningur, ritun og tal í íslensku. Prófin eru haldin í samvinnu við nokkrar símenntunarstöðvar á landsbyggðinni. Þau fara fram í húsakynnum Mímis á Höfðabakka en einnig hjá Símei á Akureyri að hausti og að vori en að auki hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða á Ísafirði og Austurbrú á Egilsstöðum á vorin.

Stöðumat í íslensku

Hjá Mími er væntanlegum þátttakendum á íslenskunámskeiðum boðið að taka almennt stöðumat í íslensku svo hægt sé að ráðleggja það stig í íslenskunámi sem hentar best. Boðið er upp á rafrænt skriflegt stöðumat og munnlegt stöðumat gegnum fjarfundarbúnað

eða á staðnum. Þátttakendur á starfstengdum íslenskunámskeiðum fá einnig stöðumat í íslensku svo námskeiðin uppfylli sem best þarfir starfsmanna, jafnt sem vinnuveitenda. Þá býður Mímir upp á próf í íslensku sem hægt er að nýta til umsóknar um ótímabundið dvalarleyfi hér á landi. Staðfestingar frá Mími þar að lútandi eru viðurkenndar af Útlendingastofnun en 36 manns tóku slíkt stöðumat árið 2023.

Prófamiðstöð fyrir nemendur háskóla

Samstarf Mímis við Háskólann á Akureyri og Háskólann á Bifröst hélt áfram eins og síðustu ár og sneri að fyrirlögn prófa fyrir háskólanemendur í húsnæði Mímis. Áfram jókst prófafyrirlögn hjá Mími og var aukningin 58% á milli ára en 2725 próf voru lögð fyrir árið 2023 en 1587 á árinu 2022. Mímir og Háskólinn á Akureyri hófu samstarf haustið 2019 sem veitir nemendum háskólans aðstöðu til próftöku bæði á símatisdögum og í prófatíðum háskólans. Ljóst er að Mímir er eftirsóttur staður til próftöku fyrir háskólanemendur og hefur fest sig í sessi sem prófamiðstöð.



Mímir hefur fest sig í sessi sem öflug prófamiðstöð



ÍSLENSKA SEM ANNAÐ MÁL

Á árinu 2023 voru haldin 140 íslenskunámskeið sem er 14,75% aukning frá 2022. Af þeim fóru 29 námskeið fram í fjarnámi að hluta eða öllu leyti en það er 38% aukning frá fyrra ári. Þátttakendur sem luku námi í íslensku voru 1580 en það er 9,6% aukning frá 2022.

Almenn námskeið 20 eða 40 klukkustundir

Námskeið í íslensku sem öðru máli voru á fimm stigum, það eru stig A1.1-B1.1 samkvæmt Evrópska tungumálarammanum, auk sérstakra talþjálfunarnámskeiða og fóru námskeiðin fram á morgnana, kvöldin og um helgar. Boðið var upp á stig A1.1-A1.2 í íslensku fyrir átta mismunandi tungumálahópa þar sem kennarinn styðst við móðurmál nemenda. Tungumálin voru arabíska, pólska, spænska, úkraínska, rússneska, litáíska, taílenska og víetnamska. Kennsla í staðnámi á almennum íslenskunámskeiðum fór fram í Höfðabakka 9. Kennsla og námsefni tekur mið af námskrá mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Evrópska tungumálarammanum. Lögð er áhersla á talþjálfun, fjölbreyttar kennsluaðferðir og rafrænar leiðir auk hefðbundinna verkefna sem efla almenna íslenskuþekkingu og færni í að nota tungumálið í daglegu lífi.



Í íslenskunáminu er lögð áhersla á talþjálfun



Íslenskunámskeið fyrir fyrirtæki og stofnanir


Þátttakendum á starfstengdum námskeiðum í íslensku fjölgaði um 32% á milli ára en alls var 31 námskeið haldið með 317 þátttakendum sem luku námskeiðum hjá 16 fyrirtækjum. Námskeiðin voru níu árið áður og er aukningin 56%. Í samstarfi Mímis og fyrirtækja var lögð áhersla á markviss og árangursrík íslenskunámskeið sem koma til móts við þarfir bæði vinnustaða og starfsmanna. Áframhaldandi samstarf var við Landspítalann um íslenskunámskeið fyrir erlent starfsfólk sem starfar við umönnun og fyrir fagmenntað fólk, svo sem lækna, hjúkrunarfræðinga, geislafræðinga og fleiri starfsstéttir.

Nýjungar

Íslenskukennsla hjá Mími hefur tekið breytingum í kjölfar greiningarvinnu og endurskoðunar sem unnið hefur verið að síðastliðin tvö ár. Niðurstöður kölluðu á áherslubreytingar sem innleiddar voru haustið 2023. Markmiðið er ávallt að kennslan endurspegli þarfir nemenda og er meiri áhersla lögð á talþjálfun, fjölbreytta kennsluhætti og aukið úrval námskeiða. Einnig er lögð áhersla á aukna fræðslu og bætta stoðþjónustu fyrir kennara. Meðal nýjunga eru Íslenska og atvinnulífið sem er námsleið Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, helgarnámskeið, hraðnámskeið og bókaklúbbur. Stöðumat í íslensku hefur einnig tekið breytingum og er nú notað skriflegt rafrænt stöðumat og munnlegt stöðumat gegnum fjarfundarbúnað eða í Höfðabakka 9.


Íslenska sem annað mál

NEMENDASTUNDIR Á MILLI ÁRA



Tungumál

NEMENDASTUNDIR Á MILLI ÁRA



Á
R
S
S
K
Ý
R
S
L
A

2
0
2
3

Nemandi á íslenskunámskeiði 2023

He was the best language instructor I have ever had. He was so patient and an excellent teacher. His style encouraged me to try as hard as possible and he made it very comfortable to try speaking Icelandic in a group right away.



ALMENNAR NÁMSBRAUTIR

Menntastoðir

460 klukkustundir

Á árinu lögðu níu nemendahópar stund á nám í Menntastoðum. Námsbrautin veitir þeim sem ná tilskildum árangri greiðan aðgang að iðn- og tækninámi og að undirbúningsdeildum háskóla. Þar með eru nemendur komnir í lánshæft nám. Helstu námsgreinar eru, auk námstækni og sjálfsstyrkingar, íslenska, enska, danska, stærðfræði, tölvu- og upplýsingatækni og lokaverkefni. Nemendum stendur til boða að ljúka Menntastoðum á einni önn í staðnámi, á tveimur önnum í dreifnámi eða í fjarnámi.

Að lesa og skrifa á íslensku

80 klukkustundir

Á árinu lögðu sjö nemendahópar stund á nám í námsbrautinni Að lesa og skrifa á íslensku sem er námsbraut Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Námskeiðin voru kennd í blönduðum, arabískumælandi og víetnömskumælandi hópum. Námið er ætlað fólki af erlendum uppruna sem þarf lengri tíma til að öðlast grunnfærni í íslensku (stigi A1.1), hefur litla formlega skólagöngu eða þarf þjálfun við að lesa og skrifa á latneska letrinu. Námsgreinar eru íslenska, lestur, ritun, tölvupjálfun og sjálfsstyrking.



Fjölbreytt nám er í boði hjá Mími, bæði í stað- og fjarnámi.

Nemandi í Félagsliðagátt 2023

Yndislegur kennari í alla staði. Gerði námið mjög áhugavert og skemmtilegt. Hún var klárlega alltaf til taks ef þess þyrfti og útskýrði mjög vel verkefni. Takk æðislega fyrir frábæra kennslu.




Íslenska og atvinnulífið

58 klukkustundir

Á árinu lögðu sjö nemendahópar stund á nám í námsbrautinni Íslenska og atvinnulífið sem er ný námsbraut kennd eftir uppbroti á námskrá Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Námsbrautin er kennsla í íslensku á stigi 1 og fræðsla um íslenskt atvinnulíf á móðurmáli nemenda. Námskeiðið var kennt fyrir ensku-, spænsku-, pólsku- og arabískumælandi hópa.


Almennar námsbrautir

NEMENDASTUNDIR Á MILLI ÁRA



Starfstengdar námsbrautir

NEMENDASTUNDIR Á MILLI ÁRA



Nemandi á íslenskunámskeiði 2023

I learned so much in this class and am so happy with it. The focus was on what we will use in everyday life, not just going through the book page by page. Compared to Icelandic classes I have taken at other schools, this class felt actually made for adults and more modern. Takk kærlega fyrir mig!



STARFSTENGÐAR NÁMSBRAUTIR

Fagnámskeið I og II fyrir starfsmenn leikskóla

140 klukkustundir

Á árinu lögðu tveir nemendahópar stund á nám í Fagnámskeiði I og II fyrir starfsmenn leikskóla sem er nám í grunnstarfi leikskóla-starfs fyrir starfsfólk leikskóla. Það er haldið í samstarfi við Eflingu - stéttarfélag. Að námi loknu sækja margir um áframhaldandi nám í Leikskólaliðabré.

Fagnámskeið I og II í aðhlynningu og umönnun

140 klukkustundir

Á árinu lögðu fjórir nemendahópar stund á nám í Fagnámskeiði I og II í aðhlynningu og umönnun í samstarfi við Eflingu - stéttarfélag. Námið er grunnnám fyrir starfsfólk við umönnun og aðhlynningu en að því loknu halda margir áfram og ljúka námi af Félagsliðagátt.

Leikskólaliðabré

380 klukkustundir

Á árinu lögðu tveir nemendahópar stund á nám við Leikskólaliðabré. Leikskólaliðabré er tveggja ára nám á framhaldsskólastigi samhliða starfi og veitir það lögverndaða starfsheitið leikskólaliði. Námsbrautin er haldin í samstarfi við Eflingu - stéttarfélag.

Félagsliðagátt

660 klukkustundir

Á árinu lögðu tveir nemendahópar stund á nám í Félagsliðagátt. Félagsliðagátt er fjögurra anna nám á framhaldsskólastigi samhliða starfi. Nemendur ljúka námi á 2. hæfniprepi. Til að öðlast starfsheitið félagsliði þurfa nemendur að ljúka 3. hæfniprepi í framhaldsskóla. Námsbrautin er haldin í samstarfi við Eflingu - stéttarfélag.

Samfélagstúlkun

130 klukkustundir

Á árinu lögðu tveir nemendahópar stund á nám í Samfélagstúlkun. Námið er ætlað þeim sem starfa eða hafa áhuga á að starfa við samfélagstúlkun sem er hlutlaus og fagleg túlkun á milli íslensku og erlends máls.

Ferðapjónusta 1

45 klukkustundir

Á árinu lagði einn nemendahópur stund á nám í Ferðapjónustu 1 sem var kennd á ensku. Námið er ætlað þeim sem eru að stíga fyrstu skrefin í starfi við ferðapjónustu eða hafa hug á að sinna slíkum störfum. Námið er einnig góður undirbúningur fyrir frekara nám á sviði ferðapjónustu.



Frá útskrift Fagnámskeiða í heilbrigðis- og félagsþjónustu.



Nám í stóriðju - grunnám

300 klukkustundir

Á árinu útskrifaðist einn nemendahópur úr Námi í stóriðju - grunnámi en námið hófst á vorönn 2022. Heildarnámstími voru þrjár annir. Námið er haldið í samstarfi við Rio Tinto á Íslandi og fer kennsla fram þar. Það er ætlað þeim sem sinna starfi í stóriðju þar sem bræðsluofnar eða rafgreiningarker eru burðarásar í framleiðslunni. Tilgangur námsins er að auka hæfni starfsfólks til að sinna fjölbreyttum störfum í stóriðju, auka öryggi við vinnu, styrkja starfs- og samskiptahæfni og auka starfsánægju.

Nám í stóriðju - framhaldsnám

385 klukkustundir

Á haustönn hóf einn nemendahópur nám í Námi í stóriðju - framhaldsnámi. Heildarnámstími eru þrjár annir og lýkur því þessi hópur náminu haustið 2024. Námsbrautin er samstarf við Rio Tinto á Íslandi og fer kennslan fram þar. Námið er ætlað þeim sem sinna starfi í stóriðju þar sem bræðsluofnar eða rafgreiningarker eru burðarásar í framleiðslunni. Tilgangur námsins er að auka hæfni starfsfólks til að sinna fjölbreyttum störfum í stóriðju, auka öryggi við vinnu, styrkja starfs- og samskiptahæfni og auka starfsánægju, ásamt því að auka verðmætasköpun og styrkja samkeppnisstöðu stóriðjufyrirtækja.



Frá útskrift Fagnámskeiðs fyrir leikskóla.



Skrifstofuskólinn

160 klukkustundir

Á árinu lögðu fjórir nemendahópar stund á nám í Skrifstofuskólanum en hann er samstarfsverkefni Nýja tölvu- og viðskiptaskólans (NTV) og Mímis. Um er að ræða vinsælt og hagnýtt nám þar sem þátttakendur fá þjálfun í almennum skrifstofustörfum. Námið byggist á lausnum hagnýtra viðfangsefna.

Sölu-, markaðs- og rekstrarnám

273 klukkustundir

Tveir hópar hófu nám í Sölu-, markaðs og rekstrarnámi á haustönn. Þeir ljúka námi að vori 2024. Einnig luku tveir nemendahópar námsbrautinni á árinu. Hún er haldin í samstarfi við Nýja tölvu- og viðskiptaskólann (NTV). Námsbrautin hentar þeim sem hafa áhuga á að vinna við sölu-, rekstrar- og markaðsmál og þeim sem vilja stofna til eigin reksturs. Markmiðin með náminu eru að þátttakendur öðlist þá innsýn og færni í viðskipta-, markaðs- og sölumálum sem þarf til að undirbúa eigin rekstur eða til að starfa sem sölu- og markaðsfulltrúi stærri fyrirtækja.



Nýútskrifaður leikskólaliði heldur ræðu á útskrift Leikskólaliða.



Útskrift Stóriðjuskólans 2023.

Nemandi í Nám í stóriðju 2023

Hann er bara frábær kennari og gerði námsefnið skemmtilegt. Var alltaf til í að svara spurningum hvenær sem er.



ÖNNUR NÁMSKEIÐ

Tungumálanámskeið

12 klukkustundir

Prettán námskeið í erlendum tungumálum voru haldin á árinu og fjölgaði þeim um sex á milli ára. Námskeið í spænsku og ítölsku voru vinsælust. Haldin voru sex námskeið í spænsku, fimm námskeið í ítölsku auk tveggja námskeiða í ensku fyrir byrjendur.

Starfslokanámskeið

3/6 klst.

Fjögur starfslokanámskeið voru haldin í samstarfi við Eflingu - stéttarfélag fyrir félagsmenn Eflingar. Tvö námskeið á íslensku, eitt á pólsku og eitt á ensku. Á námskeiðunum var fjallað um iðju og lífsleikni við starfslok, lífeyristryggingar, réttindi félagsmanna Eflingar, réttindi vegna heilbrigðisþjónustu, búsetumál, frístundir og starfslok.

Dyravarðanámskeið

17 klukkustundir

Sjö nemendahópar luku Dyravarðanámskeiði á árinu, þrír hópar á íslensku og fjórir hópar á ensku. Námskeiðið er liður í samstarfsver-

kefni Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, Reykjavíkurborgar, Samtaka ferðaþjónustu (SAF) fyrir hönd skemmtistaða í Reykjavík og Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins (SHS) um ofbeldislausa og örugga skemmtistaði í Reykjavík. Samkomulagið miðar að bættum samskiptum og samstarfi milli þessara aðila. Í aðgerðaáætlun samkomulagsins er kveðið á um að eingöngu starfi dyraverðir sem lokið hafa dyravarðanámskeiði og lögreglustjóri hefur samþykkt. Tilgangur námsins er fyrst og fremst að efla dyraverði í starfi en einnig er því ætlað að stuðla að öryggi starfsfólks og gesta vínveitingahúsa. Námskeiðið er jafnframt hluti af verkefninu „öruggar borgir“ (e. Safe Cities) sem Reykjavíkurborg er aðili að.

Starfsleitarstofa

12 klukkustundir

Ein starfsleitarstofa var haldin í samvinnu við Vinnumálastofnun. Námskeiðið miðaði að því að tryggja atvinnuleitendum ákveðna grunnþekkingu í undirstöðuatriðum atvinnuleitar. Áhersla var lögð á sjálfsstyrkingu, aðhald og hvatningu til atvinnuleitar.



Landneminn. Samfélagsfræðsla fyrir innflytjendur er haldið í samstarfi við Vinnumálastofnun.



Landneminn – kennslufræðinámskeið fyrir leiðbeinendur í samfélagsfræðslu

14 klukkustundir

Tveir hópar luku kennslufræðinámskeiði fyrir leiðbeinendur í samfélagsfræðslu fyrir flóttafólk sem haldið var í samstarfi við Vinnumálastofnun. Námskeiðin voru í fjarkennslu, annað á ensku og hitt á íslensku. Á námskeiðinu voru kynntar aðferðir við skipulag og kennslu á samfélagsfræðslunámskeiðum fyrir flóttafólk. Nemendur unnu með námsefnið Landneminn auk annars efnis í samfélagsfræðslu auk þess sem hagaðilar kynntu þarfir flóttafólks út frá þörfum ólíkra stofnana sem sinna markhópnum.

Landneminn - samfélagsfræðsla fyrir flóttafólk

40 klukkustundir

Þrjú námskeið voru haldin í samfélagsfræðslu fyrir flóttafólk í samstarfi við Vinnumálastofnun, tvö á úkraínsku og eitt á spænsku. Námskeiðið er hluti af verkefninu Landneminn. Markmið námskeiða í samfélagsfræðslu er að veita nemendum upplýsingar og inn-sýn í mikilvæga þætti sem snúa að því að

búa og starfa á Íslandi. Þessir þættir varða lög og hagnýtar upplýsingar um almenning, stofnanir og þjónustu auk menningartengdra þátta sem snúa að hversdagslífinu. Mikilvægt markmið er einnig að virkja þátttakendur til sjálfstæðrar upplýsingaleitar og kynnast raf-rænum lausnum sem hluta af daglegu lífi á Íslandi. Áhersla er á virka þátttöku þátttak-enda. Kennsluefni og kennsla fór fram á móð-urmáli nemenda.

Tónlist í umönnunarstörfum

6 klukkustundir

Tveir hópar luku námskeiðinu Tónlist í um-önnunarstörfum sem var í boði í fyrsta skipti á haustönn. Námskeiðið er fyrir starfsfólk í umönnunarstörfum og aðstandendur fólks með heilabilun. Á námskeiðinu var fjallað um það hvernig hægt væri að nota tónlist í sam-skiptum og umönnun fólks með heilabilun.

Tölvugrunnur og sjálfsefling

Einn hópur lauk námskeiðinu Tölvugrunnur og sjálfsefling sem haldið var í samvinnu við Vinnumálastofnun. Kennt var á arabísku. Á námskeiðinu var farið í grunnþekkingu í tölv-um og sjálfseflingu.



Nemandi Mímis var valinn fyrirmynd í námi fullorðinna á ársfundi FA.

Nemandi á íslenskunámskeiði 2023

This intensive Icelandic course is a better option, as it allows you to advance faster in learning Icelandic.



RÁÐGJÖF OG STÖÐUMAT

Náms- og starfsráðgjöf

Um 7% fækkun var á viðtölum náms- og starfsráðgjafa Mímis, 1761 viðtal var tekið 2023 en þau voru 1895 árið á undan. Rafræn viðtöl voru 705 eða 40% af heildarfjölda viðtala sem er 10% aukning frá árinu áður þegar þau voru 640. Viðtöl greidd af öðrum voru alls 202 árið 2022 en engin slík viðtöl fóru fram árið 2023. Fræðslusjóður leggur Mími til fjármagn til að veita markhópi framhaldsfræðslunnar náms- og starfsráðgjöf og tekur umfang þjónustunnar mið af því en kostnaður við hvert viðtal, út frá verðskrá Fræðslusjóðs, hækkaði milli ára 2022 og 2023. Mímir er auk þess með samstarfssamning við stéttarfélagið VR um starfsþróunarviðtöl.

Rafræn starfsþróunarviðtöl fyrir félagsmenn VR voru 28 á árinu sem er svipað og í fyrra þegar þau voru 24 á fyrsta ári samstarfsins. Markmið ráðgjafarinnar er að aðstoða félagsfólk við ákvarðanatöku um nám eða stöðu á vinnumarkaði sem og að kanna leiðir til starfsþróunar.

Tímabókunarkerfi fyrir viðtöl við ráðgjafa sem

innleitt var árið 2021 á vef Mímis var þróað áfram og á árinu bættist við sá möguleiki að bóka upplýsingaviðtöl vegna raunfærnimats á vefnum. Bókun flestra viðtala við náms- og starfsráðgjafa fer því fram gegnum vef Mímis.

Stöðugildi í lok árs voru 3,7 sem fjórir náms- og starfsráðgjafar sinntu. Helstu verkefni náms- og starfsráðgjafa hjá Mími voru sem áður fjölbreytt ráðgjöf til einstaklinga, þátttaka í kynningar- og markaðsstarfi Mímis, þróunarverkefni og verkefnastjórnun í raunfærnimati. Í ráðgjöf til einstaklinga felst leiðsögn við gerð ferilskrár og almennrar færnisráðgjöf, aðstoð við starfsleit og skoðun leiða til að styrkja stöðu einstaklingsins á vinnumarkaði. Einnig er komið inn á þætti eins og námstækni, áhugasviðskannanir, sjálfsskoðun og sjálfsefningu ásamt mati á fyrri námi og upplýsingum um nám í boði. Þjónusta við nemendur Mímis er margþætt og getur meðal annars falist í að hafa samband við þá, hvetja þá áfram í náminu, benda þeim á leiðir til að takast á við hindranir í námi og tileinka sér góð vinnubrögð. Náms- og starfsráðgjafar



Fjöldi einstaklinga sem luku raunfærnimati jókst um 85% milli ára.

Nemandi í Menntastoðum 2023

Ótrúlega þakklát fyrir trúna sem kennarinn hafði á mér sem að hjálpaði mér að hafa trú á sjálfri mér. Sýndi mér að ég væri ekkert svo vitlaus í stærðfræði.



unnu að fjöldamörgum þróunarverkefnum í samstarfi við annað starfsfólk Mímis, fyrir- tæki á vinnumarkaði og erlenda samstarfs- aðila sem nýtast markhópi framhaldsfræðsl- unnar vel.

Raunfærnimat

Alls fóru 65 manns í gegnum raunfærnimat hjá Mími 2023 sem er 85% aukning frá árinu áður þegar 35 manns luku raunfærnimati. Þessi fjölgun í raunfærnimati skýrist af fjölda nýrra fyrirtækja sem komu inn í raunfærni- mat í Fagnámi verslunar og þjónustu árið áður. Vinna við nýja sjálfsmatslista og þjálfun matsaðila fyrirtækjanna fór fram árið 2022 og hóparnir sem tóku þátt í raunfærnimati fóru af stað árið 2023.


Raunfærni er samanlögð færni sem náð er með ýmsum hætti í námi, starfi eða einkalífi. Raunfærnimat er staðfesting og mat á raun- færni. Eins er það gott tæki til starfsþróunar og sjálfsefingar hvort sem metið er á mót

námskrá eða viðmiðum atvinnulífsins. Ávinn- ingurinn skilar sér bæði fyrir einstaklinginn og samfélagið. Mímir hefur aðgang að fram- úrskarandi matsaðilum í öllum greinum raun- færnimats sem fram fer hjá Mími úti í skólum og fyrirtækjum. Raunfærnimat er stór þáttur í verkefnum náms- og starfsráðgjafa en þeir sjá um verkefnastjórn og ráðgjöf hvað það varðar. Á árinu var unnið að eftirfarandi raun- færnimatsverkefnum:

- Raunfærnimat á mótmi viðmiðum félags- og tómstundabrautar, stuðningsfulltrúabraut- ar, leikskólaliðabrautar og félagsliðabraut- ar sem fóru ýmist fram rafrænt eða á staðn- um.
- Raunfærnimat fagnáms verslunar og þjón-ustu er fyrir starfandi verslunarfólk þar sem vinnustaðahlutinn er metinn hjá fyr- irtækjunum sjálfum. Einnig er hægt að fá einingar á mótmi kenndum áföngum í Verzl- unarskóla Íslands. Raunfærnimatið fór ým- ist fram rafrænt eða á staðnum.

Fjöldi viðtala

Á MILLI ÁRA





ÞRÓUNAR- OG SAMSTARFSVERKEFNI

Þróunar- og samstarfsverkefni eru mikilvægur þáttur í starfsemi Mímis. Unnið var að sjö slíkum verkefnum árið 2023 með fyrirtækjum og stofnunum sem styrkt voru af opinberum aðilum, aðilum vinnumarkaðarins, Erasmus+ og/eða Nordplus. Áhersla var lögð á verkefni sem miða að því að efla þekkingu og færni sem viðkemur ýmiss konar tækni sem snertir nám og kennslu.

Fræðslusjóður og þróunarsjóður

Nýir tímar, ný hæfni

Júní 2021 til maí 2023

Verkefnið snéri að því að þróa netnámskeið í forritun fyrir markhóp framhaldsfræðslunnar og tvinna það og starfstengda íslenskukennslu fyrir innflytjendur saman. Forritun er einn af færniþáttum framtíðar sem krefst ekki háskólamenntunar eða sérstakrar tungumálaþekkingar. Markmiðið með námskeiðinu var að þjálfra fleiri hæfnipætti sem nýtast til að skapa aukin atvinnutækifæri hérlandis og erlendis og fleiri tækifæri til menntunar. Þróunarsjóður framhaldsfræðslunnar styrkti verkefnið.

Þarfa- og væntingagreining

Júní 2021 til desember 2023

Verkefnið snéri að þarfa- og væntingagreiningu meðal innflytjenda um íslenskukennslu í fullorðinsfræðslu. Það var unnið í kjölfar niðurstaðna rannsóknar Háskólans á Akureyri Viðhorf innflytjenda á Íslandi til símenntunar og íslenskunámskeiða. Þróunarsjóður framhaldsfræðslunnar styrkti verkefnið.

KeNNA

Janúar 2023 til maí 2024

Verkefnið snýr að því að búa til stutt myndbönd sem hjálpa kennurum að skipuleggja áhugaverða og árangursríka fjarkennslu sem byggist á sannreyndum og aðlaðandi aðferðum. Viðfangsefni myndbandanna snúa að tæknilegum atriðum og kennslufræði, notkun mismunandi fjarskiptaforrita, góðum kennsluháttum, mismunandi kennslufyrirkomulagi og bestu aðferðunum í fjarkennslu. Þróunarsjóður framhaldsfræðslunnar styrkti verkefnið.



Kynning á starfsemi Mímis fyrir erlenda gesti.

Nemandi í Menntastoðum 2023
Kennarinn er með skemmtilegar kennsluaðferðir. Mér finnst leikirnir hjálpa mjög mikið til að læra hraðar og leggja á minnið.



VinnuTAL

Janúar 2023 til maí 2024

Verkefnið snýr að því að búa til rafræn verkefni til talþjálfunar í starfstengdri íslensku á þrepi A2-B1 samkvæmt Evrópska tungumálarammanum sem verður hægt að laga að mismunandi störfum. Einnig verða útbúnaðar kennsluleiðbeiningar fyrir kennara. Þróunarsjóður framhaldsfræðslunnar styrkti verkefnið.

Erasmus+

Women's opportunities for work and education (WOW-E)

Febrúar 2022 til ágúst 2024

Markmið WOW-E-verkefnisins er að auka hæfni og tækifæri kvenna, meðal innflytjenda, sem hafa litla formlega menntun, til að komast á vinnumarkaðinn og í menntunarúrræði. Verkefnið miðar að því að meta og viðurkenna raunfærni þeirra (einkum óformlega færni) og nota hæfnipróun. WOW-E-verkefnið fjallar um viðhorf og núverandi starfs- og ráðningaraðferðir atvinnurekenda. Það er einnig í samstarfi við atvinnurekendur um að þróa nýjar og nýstárlegar lausnir og aðferðir til að brúa leið kvenna af erlendum uppruna inn í atvinnulífið. Erasmus+ styrkti verkefnið.

Nordplus

Discover Iceland and Sweden

Ágúst 2021 til loka júlí 2023

Markmiðið með samstarfinu var að skapa fræðsluvettvang á netinu sem kynnir íslenskt og sænskt tungumál og menningu og leitast við að auka gagnkvæman skilning, virðingu og umburðarlyndi meðal ungs fólks á Norðurlöndum og á Eystrasaltssvæðinu. Auk þess að veita ungu fólki tækifæri til að þróa færni sína í sjálfsnámi á netinu og auka stafræna færni. Sjá www.playiceland.sih.lt Nordplus styrkti verkefnið.

Icelandic as a second language - New approach in implementing the CEFR

September 2022 til ágúst 2023

Verkefnið var samstarfsverkefni Símeysjar, Austurbrúar, Mímis og Studieskolen í Danmörku. Það laut að því að þýða og staðfæra hæfniprep Evrópska tungumálrammans til að nýta við gerð námskeiðslýsinga í íslensku sem öðru máli. Verkefnið snérist einnig um að búa til og benda á námsefni og kennsluleiðir sem styðja við hugmyndafræði Evrópska tungumálrammans sem og að prófa kennsluáðferðir. Hluti af verkefninu var námsferð þátttakenda í verkefninu í Studieskolen í Danmörku. Þar tóku þeir



Þáttagerðarfólk frá Taívan kynnti sér Mími

þátt í námskeiði og vinnustofu um Evrópska tungumálarammann og lærðu um kennsluáðferðir sem miða að því að valdefla nemendur og auka færni þeirra til að tjá sig á

markmálinu. Símeys var umsjónaraðili verkefnisins. Nordplus styrkti það.



GÆÐAMÁL

Mikil áhersla var lögð á gæði í öllu starfi Mímis árið 2023. Áfram var unnið að því að innleiða gæðastjórnunarkerfi í öllum rekstri Mímis. Sú vinna hófst árið 2022 og fer fram samkvæmt gæðastaðlinum ISO 9001. Eftir sem áður tekur starfsemin mið af EQM og EQM+ gæðavottun fræðsluaðila (European Quality Mark) um að starfsemin standist evrópskar kröfur um gæði fræðslustarfs, raunfærni-mats og náms- og starfsráðgjafar en horft er til ISO 9001 staðalsins gagnvart því sem EQM og EQM+ nær ekki yfir.

Mímir hlaut fyrst gæðavottun EQM árið 2012 og fer formleg úttekt á starfseminni fram á þriggja ára fresti, síðast á árinu 2021. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er vottunar-aðili en um er að ræða gegnsætt ferli fyrir fræðsluaðila til að meta starfshætti sína út frá viðurkenndum gæðaviðmiðum.


Gæðateymi vann áfram að útgáfu nýrra gæðaskjala og endurnýjun annarra, hliðstætt við árin á undan.

Mímir hlaut í fimmta sinn viðurkenningu Creditinfo sem framúrskarandi fyrirtæki árið 2023 auk þess að uppfylla sjötta árið í röð ströng skilyrði Viðskiptablaðsins og Keldunnar til að teljast fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri árið 2023. Aðeins 1-3% allra virkra fyrirtækja á Íslandi hljóta þessar viðurkenningar ár hvert.


Vinna við að uppfæra stefnu um upplýsingaöryggi var umfangsmikil í byrjun árs og leit ný stefna dagsins ljós

Ánægja með nám og kennslu. Allar námsbrautir 2023

Ánægja með kennslu

Á
R
S
S
K
Ý
R
S
L
A
2
0
2
3

Heildartölur






Í febrúar. Í kjölfarið voru innleiddir notendaskilmálar gagnvart vinnslu upplýsinga og meðferð gagna auk þess sem regluleg fræðsla til starfsfólks tengd upplýsingaöryggi var tekin upp. Innleiðing og framkvæmd stefnunnar er mikilvægur hluti þess að ná samstöðu starfsfólks og hagsmunaaðila um öryggi gagna. Umfang stefnunnar markast við húsnæði, starfsfólk, ferla, gögn, upplýsingatæknibúnað og kerfi sem notuð eru til að veita þjónustu. Mímir naut leiðsagnar sérfræðings í upplýsingatækni við gerð og innleiðingu stefnunnar.

Mímir er og hefur verið viðurkenndur fræðsluaðili í árar- aðir en Menntamálastofnun gefur viðurkenninguna út fyrir hönd félags- og vinnumarkaðsráðuneytis að uppfylltum skilyrðum. Í viðurkenningunni felst staðfesting á því að starfsemi fræðsluaðila uppfylli almenn skilyrði laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu og reglna sem settar eru með stoð í þeim. Viðurkenninguna ber að endurnýja reglulega með þar til gerðri umsókn til Menntamálastofnunar og uppfylla þarf skilyrði sem hún setur meðal annars um rekstur, skipulag, gæði, hæfni starfsmanna og húsnæði.


Í samræmi við IV. kafla laga um framhaldsfræðslu var farið í innra mat hjá Mími. Haldið var áfram að vinna í umbótum í samræmi við niðurstöður umfangsmikillar endurskoðunar á námi og kennslu íslensku fyrir útlendinga. Gerð var þarfa- og væntingagreining á íslenskukennslunni og niðurstöður notaðar til að skrifa leiðarvísi fyrir kennara sem og til að bæta íslenskukennsluna.

Ánægja með námið

Á
R
S
S
K
Ý
R
S
L
A

2
0
2
3

Heildartölur





KYNNINGAR- OG MARKAÐSMÁL

Vinnu við vef Mímis var haldið áfram. Myndefni var uppfært og vefurinn aðlagður enn frekar að þörfum notenda. Ný myndbönd voru gerð fyrir Menntastöðir og íslenskunám þar sem tekin voru viðtöl við nemendur. Einnig voru tekin viðtöl við stjórnendur fyrirtækja og stofnana sem hafa verið í samstarfi við Mími varðandi íslenskunám á vinnustöðunum. Nýjar ljósmyndir sem sýna nemendur við nám voru teknar í húsnæði Mímis til að nota í fjölbreytt kynningarefni auk þess sem veggspjöld og annað kynningarefni var prentað. Skjár í móttöku Mímis var tekinn í notkun til að auglýsa námskeið fyrir gesti og nemendur.

Mikið var um auglýsingar á samfélagsmið-

um og þeim haldið lifandi með fréttum um námskeið, útskriftir eða annað viðeigandi efni. Áfram var notast við samfélagsmiðlana Facebook, Instagram, YouTube og Google til að kynna starfsemi Mímis. Fylgjendur Mímis á Facebook eru orðnir um 6800 og 614 á Instagram. Á árinu 2023 voru um 225.700 notendur sem sáu efni frá Mími og voru smellir um 24.600. Þá voru námsbrautir kynntar í útvarpsauglýsingum í samstarfi við birtingafyrirtæki og auglýsingar á strætóskýlum til að kynna íslenskunámskeið. Einnig fékk Mímir birtingar á greinum og útvarpsviðtöl til að kynna starfsemi sína. Þá tók Mímir þátt í þeim viðburðum sem þóttu henta til að nálgast markhóp sinn hverju sinni auk þess sem fyrirtæki voru heimsótt.



Frá Menntadegi atvinnulífsins 2023





ALMENNUR REKSTUR

Afkoma Mímis var töluvert betri en árið á undan. Betri afkoma skýrist einkum af meiri tekjum en áætlanir gerðu ráð fyrir, auk hærri fjármagnstekna vegna verðbólgunnar og ekki síst aðhaldi í rekstri meðal annars vegna óvissu um kjarasamninga.

Heildarvelta ársins var 556 milljónir króna og hækkaði frá fyrra ári um 47 milljónir eða um 8% sem er um það bil á pari við verðbólgu. Afkoma ársins var 28,5 milljónir króna eða 5% af veltu. Mímir greiðir ekki út arð til eigenda heldur nýtir mögulegan rekstrarafgang til „að efla starfsemi félagsins að mennta- og fræðslumálum fullorðins fólks á íslenskum vinnumarkaði“ eins og segir í stofnskrá félagsins. Mímir er í eigu Alpýðusambands Íslands og er óhagnaðardrifið félag (e. non profit). Öll innkaup eru gjaldfærð jafn óðum og engin lán eru tekin.

Á tekjuhlið ársreiknings 2023 kemur fram vöxtur, bæði í námskeiðahaldi og öðrum verkefnum. Stærstu verkefni Mímis er námskeiðahald á grundvelli samninga við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins til vottaðra námsleiða og við Rannís fyrir hönd félags- og vinnu-

markaðsráðuneytis um íslenskukennslu fyrir útlendinga. Framlag Fræðslusjóðs atvinnulífsins til námskeiðahalds hækkaði á milli ára og gaf færi á 6.900 klukkustunda kennslu sem er aukning um 320 klukkustundir frá fyrra ári en það jafngildir um það bil hálfum Menntastöðum. Verðlisti Fræðslusjóðs fyrir árið 2023 hækkaði í samræmi við verðlagsbreytingar.

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið virðist hafa festi í sessi hækkun á framlagi til íslenskukennslu sem gaf Mími færi á að mæta aukinni eftirspurn, bæði eftir almennum námskeiðum og enn frekar námskeiðum á vinnustöðum en fjöldi þeirra tvöfaldaðist á milli ára. Það einingaverð sem miðað er við í uppgjöri á íslenskustyrkjum ráðuneytisins hefur staðið í stað í fjölmörg ár þannig að á verðbólgutímum vex hlutur nemendagjalda í kostnaði námskeiða stöðugt.

Vöxtur í tekjum kemur einnig fram í aukinni ásókn háskólanema í fjarnámi eftir að taka próf hjá Mími og aukinni aðsókn í íslensku-próf fyrir umsækjendur um íslenskan ríkisborgararétt.

Varðandi gjaldahlið ársreiknings þá kemur fram nokkur sparnaður í rekstri. Meðal annars vegna óvissu í kjarasamningum sem og eftir að starfsemin færðist öll á einn stað í Höfðabakka 9 en áður var hún einnig að Öldugötu 23 í Reykjavík.

Nokkrar breytingar urðu á starfsmannahópn-um á árinu og í samhengi við þær breytingar á verkaskiptingu og skipulagi rekstrar í takti við niðurstöður stefnumótunar. Stöðugildi hjá Mími voru tæplega 19 á árinu sem er samdráttur um rúmlega hálft stöðugildi.


Nemandi á íslenskunámskeiði 2023

Kæri kennari takk fyrir mig. Þú ert frábær og hjálpaðir mér svo mikið til að skilja íslensku.



HLUTFALLSLEG SKIPTING REKSTRARTEKNA ÁRIÐ 2023

Á
R
S
S
K
Ý
R
S
L
A
2
0
2
3



100% nemenda
nemenda í erlendum tungumálum eru **ánægð**
eða **mjög ánægð** með námskeiðið.

100%

